



VELKOMIN Í LEIKSKÓLANN




Kæru foreldrar.

Um leið og við bjóðum ykkur og barnið ykkar velkominn í Tjarnarskóg viljum við veita ykkur upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra að vita.

VEIKINDI

Leikskólinn er ekki fyrir veik börn eða barn sem er að veikjast. Athugið að börn smita, í flestum tilfellum, mest þegar þau eru að veikjast. Þegar barn veikist í leikskólanum eru foreldrar látnir vita og þeir beðnir að sækja barnið. Ef barn er heima vegna veikinda eru foreldrar vinsamlegast beðnir að hringja á deild barnsins og láta vita að það komi ekki í leikskólann. Eðlilegast er að foreldri meti það hvort barn er fært um að fara í leikskóla Lasið barn þarf á meira næði að halda en venjulega og þarfnast meiri umönnunar. Því ætti almenna reglan að vera sú að leyfa barninu að vera heima hjá sér við þær aðstæður

Geti barnið ekki tekið þátt í leik og starfi úti að mati foreldra er eðlilegt að það sé heima enda hluti af daglegu starfi skólans utanhúss. Innivera kemur ekki í veg fyrir að barn veikist.



Börn með fæðuþöpol eða ofnæmi þurfa að koma með vottorð frá lækni ef þau þurfa á sérþæði að halda.

Lyf sem gefin eru að staðaldri og astmalyf eru einu lyfin sem gefin eru í leikskólanum.

AÐLÖGUN

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi.

Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. A meðan á aðlögun stendur er mikilvægt að foreldrar kynnist starfsfólki deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum.

Markmiðið með aðlögunartímanum er að gera barnið öruggt í nýju umhverfi og að hjálpa barninu að tengjast nýju fólki, bæði fullorðnum og börnum.

Áður en aðlögun hefst mæta foreldrar í viðtal til deildarstjóra, og tekur aðlögunin oftast u.þ.b. viku. Hafa ber í huga að hvert barn er einstakt og því er engin aðlögun eins.

Það hefur sýnt sig að þau börn sem mæta reglulega eru ánægðari og þeim líður betur í leikskólanum.

Ef barnið kemur ekki í leikskólann vegna veikinda eða annarra ástæðna, þá vinsamlegast látið vita á deild barnsins. Einnig er mikilvægt að tilkynna allar breytingar á högum og aðstæðum s.s. veikindum, fjarveru foreldra, breytt heimilisfang eða símanúmer.

Vilji barn af einhverjum ástæðum ekki koma í leikskólann er nauðsynlegt að starfsfólk viti af því svo hægt sé að finna ástæðuna og vinna úr vandanum.

Mikilvægt er að foreldrar láti starfsfólk vita þegar komið er með barnið og það sótt.



UM OKKUR

Tjarnarskógur er níu deilda leikskóli sem starfar á tveimur stöðum á Egilsstöðum, Skógarlandi við Skógarlönd 5 og Tjarnarlandi við Tjarnarlönd.

Í göngufæri frá báðum stöðum eru skemmtileg svæði sem mikið eru notuð til útiveru, svo sem Selskógur, Tjarnargarður, Bjarnadalur, Krummaklettur og Vilhjálmsvöllur. Á Skógarlandi eru 1 til 4 ára gömul börn og á Tjarnarlandi eru 4 og 5 ára börn. Tjarnarskógur varð til við sameiningu Skógarlands og Tjarnarlands í upphafi skólaársins 2012-2013 en fram að því störfuðu þeir sem sjálfstæðir leikskólar.

Tjarnarskógur horfir til fjölgreindarkenningar Howards Gardner í starfsaðferðum sínum og einkunnarorð skólans eru:

GLEÐI, VIRÐING, SAMVINNA OG FAG-MENNSKA

Leikskólastjóri er Sigríður Herdís Pálsdóttir. Aðstoðarleikskólastjóri er Lembi Seia Sangla

OPNUNARTÍMI & SKIPULAGSDAGAR

Að hámarki er gert ráð fyrir að leikskólarnir geti verið opnir frá 7:45 til 17:00. Opnunartíminn ræðst þó af þörf hverju sinni og eru leikskólar í þéttbýli ekki opnir fyrir færri en 6 börn í upphafi og/eða lok dags. Í dag er Tjarnarskógur opinn frá 07.45-16.45 á Skógarlandi og 16:30 á Tjarnarlandi og er boðið upp á 4- 9 tíma vistun.

Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgangur.

Skipulags- og námskeiðsdagar leikskólanna eru 6 á ári og er leikskólinn lokaður þessa daga. Skipulagsdagar eru skráðir á skóladagatal skólanna og auglýstir með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Stefnt skal að því skólastjórnendur leik- og grunnskóla samræmi þessa daga eins og kostur er.

FATNAÐUR

Leikskólinn er vinnustaður barnanna og því er nauðsynlegt að þau komi í fötum sem sjá má á, t.d. eftir málningarvinnu o.fl. Spariklæðnaður eða föt sem illa þola þvott eru því óhentug. Athugið að ekki er tekin ábyrgð á fötum sem skemmast eða týnast. Einnig er æskilegt að þau séu í léttum innifatnaði sem þau ráða sjálf við að klæða sig úr og í.

Á deildum er kassi fyrir aukaföt því þau þurfa alltaf að vera til að grípa í, ef óhapp á sér stað.

Útifatnaður fer eftir veðri hverju sinni en mikilvægt er að hann sé víður og þægilegur og hindri ekki hreyfingar barnanna. Ullarsokkar og rúmur skófatnaður koma í veg fyrir að börnum verði kalt á fótunum.

Vinsamlega merkið fatnað barnanna.

Leikskólagjöld

Múlaping greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum sveitarfélagsins. Foreldrar greiða leikskólagjöld í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum.

Einnig greiða foreldrar fyrir fæði barna sinna. Innheimt er sérstakt gjald ef foreldrar virða ekki umsaminn leikskólatíma.

Leikskólagjald, fæðisgjald og systkinaafsláttur á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá leikskóla Fljótaldshéraðs og er hún birt á heimasíðu sveitarfélagsins undir gjaldskrár.

Gjaldskráin er tvískipt: **Almennt gjald** fyrir hjón og sambúðarfólk. **Forgangsgjald** fyrir einstæða foreldra.

Sækja þarf um að greiða forgangsgjald á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast hjá leikskólastjóra. Til að greiða forgangsgjald þarf for-eldri/forráðamaður að vera skráður einstæður í þjóðskrá.

Hægt er að fá fæðiskostnað felldan niður ef nemandi er fjarverandi 10 skóladaga samfelld eða lengur, ef tilkynnt er með fyrirvara.

